

Arkitektafélag Íslands, Félag Íslenskra leikara og Danshöfundafélag Íslands fyrir hönd BÍL.

Samspil lista og ferðaþjónustu

RITARI ÁGRIPS: Birna Hafstein

ÞÁTTTAKENDUR Í PANEL:

Karen María Jónsdóttir upplýsingamiðstöð ferðamanna í Reykjavík

Hannes Pálsson frá Pink Iceland

Kari Viðar frá Frystiklefanum Rífi

Kristinn Vilbergsson forstjóri Kex Hostel

FUNDARSTJÓRI: Halla Helgadóttir framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar

Lýsing

Ísland verður sífellt vinsælli áfangastaður ferðamanna enda hefur gríðarlegur kraftur verið settur í markaðssetningu landsins sem ferðamannalands. En hvað er það í raun sem dregur ferðafólk til landsins annað en óspillt og spennandi íslensk náttúra? Kannanir sýna að þar spila saga og menning þjóðarinnar mikilvægt hlutverk. Kveikjan að Íslandsferðinni kemur oftast en ekki til af því að fólk sér íslenska kvikmynd, les íslenskar bókmenntir eða dáist að íslenski tónlist. En hvernig stöndum við okkur í því að sýna erlendum gestum okkar það sem hæst ber í listum og menningu þegar hingað er komið?

Ágrip

1. Hvaða sjónarhorn komu fram? Einkafyrirtæki : Hvernig er hægt að gera Reykjavík betri. Til að vera current eða í takt við nútíðina er nauðsyn að vera í samtali við listamenn. Opinber ferðaþjónusta: fyrsti viðkomustaður ferðamanna.. hvað eigum við að gera.. illa undirbúnir ferðamenn.

2. Hvaða vandamál voru rædd? Hrunið. Ferðamennska að springa út á miklum hraða. Ekki allir með sömu hugmynd af myndinni af Íslandi. Óundirbúnir ferðamenn í auknum mæli. Ríki og borg minnst lítið á menningu í sinni framsetningu á ferðaþjónustu. Listamenn fá ekki sinn skerf af afrakstri ferðaþjónustu. Listamenn leita sér ekki hjálpar. Menningarsamningar: fjármagn fer of mikið í fortíðina í staðin fyrir framtíðina.. ekki þekking á landsbyggðinni á listsköpun og fortíð. Menningarsamningar færðir frá Menntamálaráðherra til landbúnaðarráðherra. Myndin af Íslandi í gegnum Íslandsstofu gamaldags og óspennandi.. (Frakkland EM). Engin sérfræðingur í skapandi greinum í stjórn Íslandsstofu.

3. Hvaða lausnir komu fram? Menningargeirinn mætti bjóða sölufólki í ferðaþjónustu (upplýsingamiðstöð td.) í skoðunarferð um lendur menningar. Einlægni og samtal. Upplifanir. Ferðamenn verði partur af íslensku þjóðinni. Kynnast fólkinu.. túristar vilja sjá alvöru list ekki endilega eitthvað sérhannað fyrir túrista.. tækifæri í listsköpun úti á landi.

4. Hvaða næstu skref voru rædd? Ríki og borg taki að sér aðhlyningu. Förum við of hratt yfir og eru breytingar í kjölfarið óafturkræfar. Betra samtal.

5. Tilvitnanir og dæmi um samræður. Menning er eins og andrúmsloftið. Ekki hægt að einangra menningu og listir.. getum ekki án þess verið.